

Fimmtudaginn 15. október 1998.

Nr. 472/1997.

Sigurjón Nielsen

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Hf. Eimskipafélagi Íslands

(Jakob R. Möller hrl.)

Sjómenn. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 18. nóvember 1997. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 14.000.800 krónur, aðallega með almennum sparisjóðsvöxtum í Landsbanka Íslands frá 28. nóvember 1989 til 25. október 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann sömu almennra sparisjóðsvaxta og í aðalkröfu frá 13. febrúar 1993 til 25. október 1996 og dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Til frádráttar framangreindri fjárhæð komi þrjár greiðslur, samtals að fjárhæð 773.240 krónur, sem greiddar voru af Tryggingastofnun ríkisins 27. apríl 1993 og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 22. september 1993 og 20. nóvember 1996. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst atvikum að slysi því, er áfrýjandi varð fyrir um borð í ms. Írafossi 28. nóvember 1989. Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram, að ekki er deilt um, að hálfgámar þeir, sem verið var að hífa, er slysið varð, hafi verið 140 cm á hæð, en ekki 80–100 cm, eins og greint er í héraðsdómi.

Verk það, sem áfrýjandi vann að ásamt 1. stýrimanni, var einfalt, og hafði áfrýjandi áður unnið slíkt verk, en hann var vanur sjómaður. Leggja verður til grundvallar, að gámur, sem áður hafði verið hífður á veðurpílfar, hafi ekki setið að öllu leyti réttur á pílfarinu vegna vindings eða skekkju. Fór vinstri fótur áfrýjanda undir gám-

inn á þeim stað, þar sem hann sat ekki að fullu, og klemmdist, þegar þungi gáms, sem verið var að hífa, kom á neðri gáminn. Gámar sem þessir verða óhjákvæmilega oft fyrir hnjaski við tíðar hífingar og tilfæringar. Ætla verður, að menn, sem vanir eru vinnu með þá, geri sér grein fyrir því, að þeir geti skekkst af þessum sökum, og taki tillit til þess í störfum sínum. Sá, sem tekur á móti gámum í hífingu, hlýtur og að vera í bestri aðstöðu til að sjá, hvernig þeir setjast, þegar þeim er slakað niður á þilfar.

Slys áfrýjanda virtist ekki svo alvarlegt í fyrstu, að skylt hafi verið að fara fram á sjópróf, sbr. XIII. kafla siglingalaga nr. 34/1985. Verður ekki séð, að stefndi hafi fengið um það vitneskju fyrr en síðla árs 1993, hve alvarlegar afleiðingar slyssins voru.

Að þessu athuguðu, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að slys áfrýjanda verði rakið til óhapps og aðgæsluleysis hans og verði ábyrgð á því ekki lögð á stefnda. Verður dómurinn staðfestur um annað en málskostnað. Þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Áfrýjandi var reyndur sjómaður og nægilega til þess, að honum hafði verið falin staða bátsmanns nokkru áður en hann slasaðist. Gámurinn, sem hann meiddist af, var beyglaður og undinn, væntanlega af langri notkun sem hjálpartæki um borð í skipinu. Bar áfrýjandi ekki ábyrgð á því ástandi hans, sem kom ekki í veg fyrir, að hann væri hæfur til sinna afmörkuðu nota. Missmíðin á gáminum var hins vegar hættuleg að því leyti, að neðra borð hans lá ekki rétt, þannig að bil milli hans og þilfars eða annarrar undirstöðu, sem hann hvíldi á, gat orðið minna en vera átti. Á ólöskuðum gámi sömu gerðar var þetta bil svo rúmt samkvæmt frásögn 1. stýrimanns,

að hættulaust gat verið að standa með tá eða rist undir tækinu, þegar það settist. Í skýrslum þessa stýrimanns og skipstjóra til lögreglu og útgerðar er atvikum að slysi áfrýjanda lýst í stuttu máli. Af þeim verður ótvírætt ráðið, að meginorsök slyssins hljóti að hafa verið sú, að á þetta skorti. Á grundvelli þessa og aðstæðna að öðru leyti verður stefndi að bera ábyrgð á slysinu.

Áfrýjanda mátti vera kunnugt um þá hættu, sem stafaði af mis-smíðinni, og verður hann einnig að bera ábyrgð á slysinu, þótt ráðrúm hans til aðgæslu kunni að hafa takmarkast af umsvifum við verkið, sem hann var að sinna. Hann var og ekki í öryggisskóm, en ekki er ljóst á hinn bóginn, hvort skipstjórnamenn hafi rækt skyldu sína til að tryggja notkun þeirra með markvissum hætti. Hæfilegt er, eins og málið er vaxið, að stefndi bæti áfrýjanda sannað tjón hans að 3/5 hlutum, en áfrýjandi beri það sjálfur að 2/5 hlutum. Ekki eru efni til að fjalla hér nánar um ákvörðun bóta, en auk þeirra á stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1997.

Ár 1997, þriðjudag 11. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-711/1997: Sigurjón Nielsen gegn Hf. Eimskipafélagi Íslands kveðinn upp dómur þessi.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 21. október sl., er höfðað með stefnu, sem þingfest var 13. febrúar sl.

Stefnandi er Sigurjón Nielsen, kt. 151061-7299, Álfheimum 27, Reykjavík.

Stefndi er Hf. Eimskipafélag Íslands, kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 13.562.333 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. október 1996 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að sök verði skipt og kröfur stefnanda lækkaðar, en málskostnaður felldur niður.

Málavextir.

Stefnandi var bátsmaður á skipi stefnda, ms. Írafossi, og varð fyrir slysi um borð þriðjudaginn 28. nóvember 1989, er það var á Höfn í Hornafirði.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að þennan dag hafi verið unnið við lestun skipsins á Höfn í Hornafirði, og var verið að skipa út síldartunnum. Unnið hafi verið við undirbúningslestun hálfháma úr lest uppi á veðurþil-

fari. Verkinu hafi stjórnað Sigurður Finnbogason stýrimaður, er stýrði einnig krana þeim, sem notaður var við verkið, og hefði þaðan haft ótruflaða yfirsýn yfir starfsvettvang. Búið var að færa upp úr lest hálfgám, er stóð á lúgu. Annar gámur var hífður úr lest, og átti að setja hann ofan á neðri gáminn. Til þess að vinna það verk hafi stefnandi þurft að standa við fyrri gáminn og stýra seinni gáminum í sæti með því að styðja við hann. En er Sigurður stýrimaður hafi slakað efri gámi á hinn neðri, hafi fótur stefnanda klemmst á milli gáms og lúgu. Gögn, sem stefndi hafi lagt fram, beri með sér, að neðri gámur hafi verið undinn, þannig, að hann hafi ekki setið jafnt og muni hafa jafnast út, er efri gámi var slakað ofan á gáminn.

Stefnandi hafi verið fluttur á Heilsugæslustöðina á Hornafirði til aðhlynningar og síðan á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans til meðferðar. Hann kveðst búa enn að afleiðingum slyssins, vera með stöðugar kvalir í fæti, sem hafi leitt til þess, að hann hafi hlíft honum og beitt hægra fæti meira. Afleiðingarnar séu vöðvastytting í baki og vinstri ganglim auk hryggskekkju, sem hafi komið til vegna breytts álags á hrygg. Stefnandi kveðst ganga í sérsmíðuðum skóm og þurfa reglulega að taka inn sterk verkjalyf.

Stefndi lýsir málavöxtum á þá leið, að stefnandi hafi unnið við að forfæra gáma úr lest á veðurpílfar ásamt nefndum stýrimanni. Hífður hafi verið upp svokallaður hálfgámur, það er stálflet með u. þ. b. 80 til 100 sentímetra háum hliðum, og var verið að hífa annan hálfgám ofan á þann fyrri. Var fyrri gámurinn skakkur og sat aðeins á þremur hornum. Stefnandi hafi annaðhvort haft vinstri fót undir því horni gámsins, sem á lofti var, eða runnið til og farið með fótinn undir hornið. Hlutverk stefnanda hafi meðal annars verið að gefa stýrimanninum, sem stjórnaði krana, merki um hífingu og slökun. Stefnandi hafi gefið merki um, að slaka skyldi, og vildi þá svo illa til, að þegar efri hálfgámurinn lagðist ofan á hinn neðri, hefði fótur stefnanda orðið undir horni neðri gámsins, því sem á lofti var, og pressaði þá efri gámurinn hornið niður á fót hans.

Málavextir og lagarök.

Stefnandi telur, að stefndi beri óskipta ábyrgð á slysinu. Ástæður þess verði raktar til vanbúnaðar í skipi og vangæslu stýrimanns, er stjórnaði verkinu. Sjómennska sé hættulegt starf og því brýnt, að tæki og búnaður séu ávallt í fullkomnu lagi. Engin rannsókn hafi farið fram á tildrögum slyssins, eins og lög gera ráð fyrir, og Siglingamálastofnun ríkisins hafi ekki verið tilkynnt um það. Engin rannsókn hafi farið fram á búnaði og/eða gerð vettvangsskoðun, en fram kom, að neðri gámurinn hefði verið undinn og ekki staðið á öllum hornum. Sly sem þetta á ekki að geta gerst, ef allur

búnaður er í lagi. Þá hafi stýrimaður, er sat í krana og stjórnaði verkinu, ótruflaða yfirsýn yfir starfssvæðið, er hann slakaði gáminum, og átti að sjá, að stefnandi væri í hættu á að slasast. Stefnandi mótmælir því, að hann hafi sett fótinn undir horn gámsins, eins og fram komi í skýrslu stýrimanns hjá lögreglu.

Stefnandi kveður sérfræðing í bæklunarlækningum hafa metið sig til 15% varanlegrar örorku fram til 30. maí 1992, og með nýju mati frá 26. september 1996 sé hann endurmetinn til varanlegrar örorku 25% frá 31. maí 1992. Á grundvelli þessa mats hafi tryggingastærðfræðingur reiknað út örorkutjón hans, og á grundvelli hefðbundins útreiknings hans sé tjón stefnanda vegna slyssins frá slysdegi:

vegna 15% örorku	kr.	646.300
vegna 25% örorku	–	9.023.900
töpuð lífeyrisréttindi vegna slyssins eru reiknuð	–	580.200

Auk þess krefst stefnandi vaxta frá slysdegi til útreikningsdags, 16,47%.

Stefnandi kveður dómkröfur sínar vera reistar á grundvelli örorkutjóns-útreikningsins, og sé við það miðað, að tekjutap sé á hverjum tíma sami hundradshluti og örorka sé metin. Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Varanleg örorka samkvæmt mati	kr.	9.670.200
2. Töpuð lífeyrisréttindi	–	580.200
3. Áfallnir vextir samkvæmt örorkutjónsútreikningi	–	1.811.933
4. Miskabætur	–	15.000.000

Samtals kr. 13.562.333(?)

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985 og siglingalaga nr. 34/1985. Þá vísar hann einnig til ólögfesta reglna skaðabótaréttar um sakarábyrgð á tjóni og ábyrgð vinnuveitenda.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slysið hafi ekki stafað af neinum þeim ástæðum, sem hann beri að lögum ábyrgð á. Slysið hafi annaðhvort orðið af óhappatilviljun eða óvarkárni stefnanda sjálfs, og í hvorugu tilviki beri stefndi ábyrgð. Rannsókn slyssins hafi farið eðlilega fram, með tilkynningu til lögreglu á staðnum og skýrslugjöf vitnis. Stefndi bendir á, að hafa verði í huga, að í upphafi hafi vírst vera um frekar smávægilegt óhapp að ræða, en alls ekki þess háttar líkamstjón, sem um er fjallað í 219. og 221. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Þá bendir hann á, að hafa verði í huga, að engin líkindi séu til þess, að frekari rannsókn hefði leitt annað í

ljós en fram komi í skjölum málsins. Yrði talið, að stefndi bæri ábyrgð á slysinu, væri þó ljóst, að þar gæti ekki verið nema um hluta ábyrgðar að tefla. Meginábyrgðin félli á stefnanda sjálfan vegna eigin sakar hans.

Stefndi gerir þær athugasemdir við útreikning á ætluðu fjárhagstjóni stefnanda, að ekki sé tekið tillit til þess, að stefnandi er í örorkumati talinn með 100% tímabundna örorku fimm og hálfan mánuð. Stefnandi hafi ekki orðið fyrir tekjutapi af þessum ástæðum, en fjárhagsútreikningur miðar tjón vegna varanlegrar örorku við allan tímann frá slysdegi til útreikningsdags. Rétt hefði verið að miða útreikning vegna varanlegrar örorku við það tíma-mark, er tímabundinni örorku lauk. Þá bendir stefndi á, að enda þótt læknisfræðilegt örorkumat og líkindareikningur tryggingastærðfræðings samkvæmt því hafi verið notað sem vísbending um varanlegt tjón, hafi dómstólar hafnað því að nota slík gögn gagnrýnislaust til ákvörðunar skaðabóta. Stefnandi sé enn í starfi hjá stefnda. Í stefnu sé fullyrt, að launa-tekjur stefnanda eftir slysið hafi staðfest, að aflahæfi hans hafi skerst meira en útreikningar sýni, en því sé mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi orðið fyrir tekjutapi í samræmi við útreikning frá slysdegi til útreikningsdags.

Um einstaka liði kröfugerðar stefnanda mótmælir stefndi örorkumati og fjártjónsútreikningi, reistum á því. Einnig telur hann, að taka verði tillit til þess, að líklegt megi telja, að stefnandi hafi á nokkrum árum aðlagð sig áverkanum, svo að hann hefði ekki merkjanleg áhrif á tekjuöflun hans. Sömu andmælum sætir krafa um bætur fyrir töpuð lífeyrisréttindi.

Stefndi telur miskabótakröfu vera fjarri lagi miðað við dómafordæmi og bendir á, að almennt sé viðurkennt, að miski sé innifallinn í örorkumati lækna að hluta. Þá verði að ákvarða miskabætur á verðlagi ákvörðunardags, en með vöxtum frá slysdegi.

Stefndi bendir á, að stefnandi hafi notið greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, 205.100 króna að slysdagsverðmæti, og beri að draga þá fjárhæð frá bótum, ef dæmdar yrðu. Að auki hafi stefnandi fengið greiddar samtals 568.140 kr. í tvennu lagi, 22. september 1993 426.105 kr. og 20. nóvember 1996 142.035 kr., úr slysatryggingu sjómanna stefnda hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., og beri að draga þá fjárhæð frá tjóni, verði bætur dæmdar.

Þá verði enn fremur, verði bætur dæmdar, að taka tillit til þess, hvert hagræði er fólgið í eingreiðslu bóta, svo og þess, að þær eru skattfrjálsar.

Þá bendir stefndi á, að mál þetta hafi verið þingfest 13. febrúar sl., og hafi þá verið liðin sjö ár og rúmur tveir og hálfur mánuður frá slysi. Vextir eldri en frá 13. febrúar 1993 séu fyrndir skv. 2. mgr. 3. gr. laga um fyrning skulda

og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905. Um vexti að öðru leyti segir stefndi, að skaðabótakröfur beri samkvæmt dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi, en dráttarvexti ekki fyrr en frá dómsuppsögudegi, a. m. k. séu kröfur umdeildar. Uppsögn vaxta og uppfærslu á höfuðstól bótafjárhæðar er mótmælt sem röngum og villandi. Vextir séu ekki hluti þess tjóns, sem stefnandi kynni að verða talinn hafa orðið fyrir, heldur beri tjónsfjárhæð vexti, eins og áður greinir, og hluti vaxta sé fyrndur samkvæmt áður-sögðu. Svo virðist sem upphafstími dráttarvaxta í stefnu sé miðaður við dagsetningu útreiknings tryggingafræðings, en kröfubréf til stefnda var ekki sent fyrr en 8. nóvember 1996, og yrðu dráttarvextir ekki reiknaðir á kröfuna fyrr en í fyrsta lagi að liðnum mánuði frá þeirri dagsetningu samkvæmt 15. gr. vaxtalaga.

Niðurstaða.

Stefnandi bar fyrir dómi, að hann hefði, þegar slysið varð, verið að vinna undir stjórn annars stýrimanns við að færa hálfgáma upp úr lest skipsins á veðurpílfar. Fyrst hafi verið hífður tómur hálfgámur upp á pílfarið, og hafi hann verið settur í „skó“, sem ætlaðir eru til þess. Kvaðst stefnandi hafa gengið frá honum og ekki séð á honum nein missmíði. Næst hafi verið hífður upp sams konar gámur, er var fullur af spónaplötum, og kvaðst stefnandi hafa tekið við honum og ætlað að stýra honum niður á fyrri gáminn. Hafi hann verið einn að taka við gáminum, en stýrimaðurinn verið við stjórn kranans. Kvaðst stefnandi hafa gengið með gáminn fram og til baka til að reyna að fá hann til að falla ofan á neðri gáminn, en það hefði gengið illa. Nánar kvaðst hann hafa staðið við langhliðina á gáminum með hægri hönd á horninu og hina vinstri aðeins inn á gáminum og verið að reyna að toga á móti krananum til að fá rétt „flútt“, þegar stýrimaður hefði slakað. Hafi hann þá orðið var við, að vinstri fótur hafi klemmst undir neðri gáminum. Stefnandi kveðst hafa hljóðað og stýrimaður þá ætlað að hífa gáminn upp aftur, enda fóturinn fastur, en gámurinn það þungur, að hann þurfti fyrst að slaka til að fá vírana lausa og þannig kraft til að ná gáminum upp. Hann kvaðst ekki hafa brotnað, heldur klemmst hægt og rólega undir gáminum, á meðan hann var að síga niður.

Stefnandi kvaðst hafa verið á sjó á flutningaskipum frá 1983, en mundi ekki, hversu lengi á gámaskipum. Hann kvaðst hafa verið bátsmaður á Írafossi og verið vanur að vinna þetta starf, sem hafi verið unnið á venjubundinn hátt. Ekki kvaðst hann muna til þess að hafa gefið stýrimanni merki um að slaka gáminum, enda verið með báðar hendur á honum.

Stefnandi gat ekki útskýrt, hvers vegna fóturinn varð undir gáminum. Sér

hafi ekki skrikað fótur, og hafi hann síðar heyrt þá skýringu, að neðri gámurinn hefði aðeins staðið á tveimur eða þremur fótum. Sjálfur hefði hann ekki veitt því eftirtekt.

Í þetta skipti var stefnandi ekki í öryggisskóm, og sagði hann það hafa verið vegna þess, að ætlunin hefði verið, að hann stjórnaði krananum, og þar væri þeirra ekki þörf. Hann kvað stefnda leggja til öryggisskó sem hluta af launakjörum.

Eftir slysið kvaðst stefnandi hafa verið fluttur á heilsugæslustöðina á Höfn og síðar til Reykjavíkur. Á báðum stöðum hefði hann verið röntgenmyndaður, en ekki sést brot. Meiðsli sín hefðu því ekki litið illa út í fyrstu, en þegar þau vildu ekki batna, hefði hann verið rannsakaður með annarri aðferð og þá komið í ljós, að taugar voru allar klemmdar í ristinni.

Sigurður Finnbogason var stýrimaður á Írafossi, þegar slysið varð. Hann bar fyrir dómi, að það hefði verið skylda skipverja að nota öryggisskó og hjálma við vinnu, en stefnandi ekki verið í slíkum skóm og borið við eymslum í ökkulum. Skórnir væru með stálhlíf yfir tám, en ekki rist, og kvað Sigurður það mat sitt, að stefnandi hefði slasast mun minna, hefði hann verið í öryggisskóm.

Sigurður kvaðst hafa verið við stjórn kranans að þessu sinni, og þegar stefnandi hefði gefið sér bendingu um að slaka efri gáminum niður á gám, sem þegar hafði verið komið fyrir, hefði hann gert það. Hefði stefnandi verið með aðra hönd á gáminum, en notað hina til að gefa sér bendingar. Stefnandi hefði svo gefið sér merki um að hífa og lagst svo niður. Sigurður kvaðst hafa haft mjög gott útsýni yfir vinnusvæðið og séð stefnanda allan, ekkert hefði skyggt á hann. Hann kvað stefnanda ekki hafa þurft að standa jafnnálægt neðri gáminum og hann gerði til að koma efri gáminum í rétta stöðu. Þá kvað hann veður hafa verið gott og hvorki ísingu né hálfu um borð.

Sigurður kvaðst ekki hafa skoðað gáminn sérstaklega fyrir eða eftir slysið, en gat þó borið um það, að langhlið hans hefði verið löskuð, en ekki hornið.

Það er fyrsta málsástæða stefnanda, að slysið hafi verið vanbúnaði skipsins að kenna, en óumdeilt er, að gámurinn var laskaður á þann hátt, sem lýst hefur verið. Hins vegar er á það að líta, að þessi ágalli var ekki orsök slyssins, heldur var hún sú, að fótur stefnanda fór undir gáminn. Ekki er með fullu ljóst, hvernig það gerðist, en stefnandi hefur sjálfur borið, að sér hafi ekki skrikað fótur, og samkvæmt framburði stýrimanns var ekki hált um borð. Er langlíklegast, að stefnandi hafi, þegar hann stóð fast upp við neðri gám og stýrði hinum efri í rétta stöðu, rekið fótinn undir neðri gám-

inn. Það er niðurstaða dómsins, að á þessu beri stefndi ekki ábyrgð, heldur sé hér eingöngu um að ræða aðgæsluleysi stefnanda sjálfs. Er hér og til þess að líta, að hann notaði ekki öryggisskó, eins og honum var skylt. Breytir hér engu, að honum hafi verið ætlað annað starf, er ekki krafðist þess, að slíkir skór væru notaðir.

Önnur málsástæða stefnanda er sú, að vangæsla stýrimanns hafi valdið slysinu. Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs var staðið að hífingunni í þetta sinn á hefðbundinn hátt, og stýrimaður kvaðst hafa híf gáminn eftir bendingum stefnanda. Er og ekki annað fram komið en efri gámur hafi fallið rétt ofan á neðri gám, eins og til stóð, enda báðir mennirnir vanir störfum sem þessum. Er ósannað, að aðgæsluleysi stýrimanns kunni á einhvern hátt að hafa valdið slysinu.

Í þriðja lagi bendir stefnandi á, að slysið hafi ekki verið rannsakað, svo sem lögskylt sé, og vísar þar til 1. tl. 219. gr. siglingalaga. Samkvæmt framburði stefnanda sjálfs virtust meiðsli hans ekki mikil í fyrstu, og það var ekki fyrr en sex mánuðum síðar, sem annað kom í ljós, eins og lýst var. Þá er og á það að líta, að málavextir eru óumdeildir, þ. m. t., að gámurinn var laskaður, svo sem rakið var. Þá verður ekki talið, að það geti haft áhrif á úrslit þessa máls, að ekki voru haldin sjópróf vegna slyssins. Tekið skal fram, að lögreglu var tilkynnt um það, og gerði hún skýrslu, sem er meðal gagna málsins, svo og er skýrsla skipstjóra um það.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins, að slysið verði einungis rakið til óhappatilviljunar og aðgæsluleysis stefnanda, sem stefnda verður ekki gefið að sök, og verður hann því sýknaður af kröfu stefnanda. Rétt þykir samkvæmt þessum málsúrslitum að dæma stefnanda til að greiða stefnda 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hf. Eimskipafélag Íslands, er sýknaður af kröfum stefnanda, Sigurjóns Nielsen.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.